

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

KR-svæðið – Frostaskjól 2-6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 30. júní 2022, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir KR-svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþrótt- og félagsstarfsemi með byggingu íþrótt- og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hekllureitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 25. maí 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hekllureit, nánar tiltekið lóðirnar við Laugaveg 168-174a. Í breytingunni eru settar fram skipulagslegar heimildir fyrir íbúðir, atvinnustarfsemi og gististarfsemi. Gert er ráð fyrir að allar byggingar á lóð Laugavegs 168 til 174a verði fjarlægðar að undanskildu borholuhúsi. Byggðin er mótuð með tilliti til landslags, sólargangs og veðurfars. Byggðin rís hæst til norðurs við Laugaveg og er lægst til suðurs við Brautarholt. Um er að ræða íbúðarhús, 2ja til 7 hæða, með möguleika á 8. hæð á norðvesturhorni Laugavegs 168 á reit A skv. fyrirbyggjandi skipulagstillögu. Byggingarnar skulu vera stallaðar með ríku tilliti til sólarátta og byggð skipulögð þannig að miðlægur inngarður sé í góðu skjóli fyrir veðri og vindum við allar byggingar. Gert er ráð fyrir sérafnotaflötum fyrir íbúðir á jarðhæðum og svölum á efri hæðum. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 436 íbúðum með verslun og þjónustu á 1. hæð. Heildarflatarmál ofanjarðar á lóðunum er 44.083 m². Þar af eru að hámarki 41.960 m² undir íbúðir og að lágmarki 2.123 m² undir verslanir og þjónustu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfultrúi Reykjavíkur, 5. september 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2022